

**MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA  
ÍSLANDS**

Laugavegi 31, 101 Reykjavík • Pósthólf 107 121 Reykjavík

Sími: 354-1-622 555 Fax: 354-1-625 315

þslej. 82- 82. mál

122. löggjafatring 1997-1998

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 1997

Vísað er til bréfs yðar, dags. 11. desember 1996, er barst skrifstofunni 19. desember 1996, þar sem óskað er umsagnar varðandi frumvarp til laga um umboðsmann jafnréttismála.

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands telur mikilvægt að unnið verði markvisst að því að jafnrétti verði náð í raun og nauðsynlegar ráðstafanir, m.a. breyting á lögum eða setning nýrra laga, verði gerðar með það að markmiði.

Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. stjskl. 97/1995, segir í 1. mgr. að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, æternis og stöðu að öðru leyti. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að konur og karla skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Ísland er aðili að ýmsum mannréttindasáttmálum þar sem fram kemur að aðildarríkin takast á hendur að tryggja öllum einstaklingum jafnan rétt, án nokkurs konar mismununar. Nefna má 2. gr. og 7. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948, 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, sbr. lög nr. 62/1994, Samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum fra 1979, 2. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálagleg réttindi frá 1966 og 3. gr. Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningaleg réttindi frá 1966.

Athugandi er hvort það úrræði að setja á stofn embætti umboðsmanns jafnréttismála sé það úrræði sem öflugast væri til að ná markmiðinu um jafnrétti.

Í athugasemdum um frumvarpið á bls. 3 segir að í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafi um langt árabil verið starfandi umboðsmenn jafnréttismála og reynslan af störfum þeirra sé talin góð. Einnig kemur fram að jafnréttislöggjöf Dana sé til endurskoðunar og rætt hafi verið um að koma þar á hliðstæðri skipan. Aðstæður í þessum löndum og hér á landi eru ekki að neinu leyti bornar saman í frumvarpinu. Því eru t.d. ekki gerð skil hvernig jafnréttislöggjöfinni var háttáð í þessum löndum áður en stofnuð voru embætti umboðsmanna jafnréttismála. Þykir ekki

raunhæft að draga þá sjálfkrafa ályktun að það sama eigi við hér á landi og á öðrum Norðurlöndum.

Við samanburð á hlutverki umboðsmanns jafnréttismála samkvæmt frumvarpinu og hinsvegar því hlutverki sem Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála hafa með höndum samkvæmt lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, verður ekki annað séð en um þó nokkra skörun verkefna sé að ræða. Hlutverk Jafnréttisráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum er þó að miklu leyti bundið við þau lög. Það má m.a. sjá af 1. lið 16. gr. laganna þar sem segir að hlutverk Jafnréttisráðs sé að vinna að því að ákvæðum 2.-13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé framfylgt.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins skal umboðsmaður jafnréttismála eiga samvinnu við aðra opinbera aðila sem starfa að jafnréttismálum, m.a. Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála. Náist ekki viðunandi sættir eða leiðréttting mála fyrir tilstuðlan umboðsmanns jafnréttismála getur hann vísað viðkomandi máli til kærunefndar jafnréttismála.

Í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 3 segir að nauðsyn góðrar og vandaðrar stjórnsýslu á sviði jafnréttismála sé nú almennt viðurkennd. Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands telur að góð og vönduð stjórnsýsla feli í sér að hún sé ekki það margþætt og flókin að mál sömu tegundar geti heyrt undir marga aðila, þannig að þeir sem þurfi að leita til þessara aðila um mál sín séu í vafa um hvert þeir eigi að snúa sér.

Í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 3 segir að afar góð reynsla sé af starfi umboðsmanns Alþingis og starfsemi umboðsmanns barna lofi góðu. Þess ber að geta að þegar embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað með lögum nr. 13/1987 og embætti umboðsmanns barna með lögum nr. 83/1994 voru ekki fyrir embætti sem unnu að hliðstæðum málum og þessum umboðsmönnum er falið að vinna að. Eins og fyrr hefur komið fram á það ekki við um jafnréttismálin.

Í upphafi þessarar umsagnar kemur fram að mikilvægt sé að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að ná fram jafnrétti í raun. Til þess að svo megi verða þarf að hafa í huga hvaða leiðir sé hagkvæmistar og líklegastar til að ná settu markmiði. Athugandi er hvort ekki sé hagkvæmara og líklegra til raunhæfs árangurs í jafnréttismálum að breyta lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, á þann hátt að hlutverk Jafnréttisráðs verði víkkað út þannig að það einskorðist ekki í meginatriðum við fyrrgreind lög. Þeir fjármunir sem leggja yrði í stofnun umboðsmanns jafnréttismála myndu geta nýst mun betur yrðu þeir látnir renna til þeirra aðila sem að þessum málum vinna og þó nokkur reynsla er komin á. Yrði það gert myndi hlutverk Jafnréttisráðs verða hið sama og umboðsmanns jafnréttismála samkvæmt frumvarpi til laga um umboðsmann jafnréttismála.

F. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands